Kennsluáætlun í íþróttum - 5-6. Bekkur
Skólaárið 2026-27
Kennari: Birnir Guðbrandsson

Kennsluaðferðir og markmið:

Í íþróttum er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar eru nemendur kynntir fyrir ólíkum íþróttum, farið í einstaklings- og hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð, mati á aðstæðum og tillitssemi.

Áhersla er lögð á aðferðir þar sem nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum. Jafnframt fá nemendur fræðslu um hreyfingu, mataræði, hugarfar og snjalltækjanotkun og áhrif þess á líkamlega og andlega heilsu. Nemendur eru hvattir til að tileinka sér jákvætt hugarfar.

Kennari aðlagar kennsluhætti að þroska og getu hvers nemenda sem og áskoranirnar þar sem það á við. Kennari aðstoðar nemendur við að ná settum markmiðum.

Unnið er með hópnum tvisvar í viku í um það bil 40 mínútur í senn. Hópurinn er inni í íþróttasal í íþróttahúsi ÍFR á þriðjudögum og úti í góða veðrinu á fimmtudögum.

Námsmat:

Þátttaka og hugarfar
Samskipti við samnemendur og kennara